

11. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 5. júní 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Rekstur þjónustumiðstöðvar og fjármál Þjóðkirkjunnar

- a. BG fór yfir rekstur Þjóðkirkjunnar fyrstu 4 mánuði ársins.

2. Fasteignamál:

- a. Breiðabólsstaður: BG upplýsti að sveitarstjórn hafi hafnað beiðni Íslandsturna um fjarskiptamastur í landi Breiðabólsstaðar. Mun því ekkert verða af framkvæmdinni.
- b. Skeggjastaðir: BG kynnti bréf Langanesbyggðar um ósk um formlegar viðræður um langtímaleigu á Skeggjastöðum. Samþykkt að taka upp viðræður við Langanesbyggð.
- c. Skammtímaútleiga prestsetra: BG lagði fram til kynningar drög að reglum útbúnar af Rekstrarstofunni um skammtímaútleigu á prestbústaðum.

3. Málferli:

- a. BG upplýsti að ÞK hafi verið stefnt af Kristni Jens Sigurþórssyni til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna ákvörðunar um að leggja niður Saurbæjarprestakall. ÞK hefur falið lögmanni sínum að taka til varna í málinu.

4. Önnur mál

- a. Blönduóskirkja: BG kynnti erindi frá Sóknarnefnd Blönduóskirkju varðandi 30 ára vígsluafmæli kirkjunnar.
- b. Saurbær: í framhaldi af viðræðum varðandi mögulega skógrækt á u.þ.b. 130ha landssvæði í landi Saurbæjar þá þarf annars vegar að auglýsa landið til leigu með opinberum hætti og hins vegar kanna viðhorf sveitarfélagsins til nýtingar landsins.
- c. Reynivellir: upplýst um fund með Skógræktarfélagi Reykjavíkur varðandi áframhaldandi skógrækt í landi Reynivalla. Skógræktarfélagið mun senda inn formlegt erindi varðandi hugmyndir um áframhaldandi skógrækt á svæðinu.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 10.10.

Fundarritari: Birgir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Rekstrarstofu.